

	Flutt	Kr.	Kr.	113
b. Í veðskuldabryfum		800,00	2041,47	
c. Ógreiddir vextir		8300,00		
d. Í peningum		16,00		
		60,68	9176,68	
	Gjöld alls		11218,15	

Reikningur

114

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1886.

	Tekjur.	Kr.
1. Eptirstöðvar frá f. á.		14,31
2. Tillög vesturamtsbúa		» »
3. Styrkur úr landssjóði		200,00
	Tekjur alls	214,31
	Gjöld.	Kr.
1. Keyptar bækur fyrir		180,75
2. Eptirstöðvar við árslok 1886		33,56
	Gjöld alls	214,31

Íslands vesturamt, Reykjavík 5. desbr. 1887.

E. Th. Jónassen

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um affermingarskírteini skipa. 115
— Samkvæmt lögum 1. apríl þ. á. um afnám skipagjalds af vöruskipum, sem afgreidd 20. okt.
eru til burtfarar, o. s. frv., er skipagjald eptir lögum 4. júlí 1863 V. kafla afnumið, að því er snertir lestarúm það, er vörur eru út fluttar í.

Yfirstjórn skattamálananna hefur síðan, eptir að hafa skrifazt á við mig um málið kveðið svo á, að komuskýrteini þau, sem ræðir um í tilskipun 1. febr. 1797, 303. gr., og umburðarbrjefasafni nr. 1, 1863 f, fyrir skip, sem eru afgreidd hjedan til Íslands, skuli framvegis afnumin.

Þetta læt jeg eigi hjá líða að skýra yður þjónustusamlega frá, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigandi embættismönnum.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðaáætlun póstgufuskipanna til Íslands árið 1888. — Jeg skýrði hinu sameinada gufuskipafjelagi frá, að alpingi 116
hefði á fjárlagafrumvarpi því, sem það hefði samþykkt fyrir árið 1888 og 1889, fært 11. nóv.
upphæðina til gufuskipferða kringum strendur Íslands úr 18,000 kr. niður í 9000 kr. hvort árið. Einnig skýrði jeg fjelagi þessu frá pingsályktun þeirri, sem samþykkt var um þetta efni, og sömuleiðis frá athugasemdum þeim og tillögum um ferðaáætlunina næsta ár, sem þjer, herra landshöfðingi, rituðuð mjer í þóknanlegu brjefi 17. sept. þ. á. Síðan ljét fjelagið mjer í ljósi, að þrátt fyrir niðurfærsluna ætlaði það eigi að neyta rjettar þess, sem því er heimilaður í samningnum við stjórnarráðið, og segja samningnum slitið, en aptur á móti þætti því ástæða til að stinga upp á að minnka Íslandsferðir frá því sem verið hefur hin síðustu ár, þó eigi beinu ferðirnar frá Kaupmanna-

116 höfn, sem það hefði í huga að láta verða eins margar og að undanfögnu. Um leið skaut
11. nóv. fjelagið því til mín, að samþykkja uppástungu um ferðaáætlun, er færi í þessa átt, og þar sem tekið væri svo mjög, sem unnt væri, tillit til óska þeirra, er alþingi og þjer, herra landshöfðingi, höfðuð látið í ljósi.

Jeg lagði því næst samþykki mitt á ferðaáætlun, sem telja má hina beztu, sem hægt var að fá, þegar litið er til atvika allra og til þess, að bjóða varð fjelaginu minni borgun en að undanfögnu. Að undirlagi yfirstjórnar póstmálanna þótti mjer þó ástæða til að taka það skýrt fram, gagnvart gufuskjapfjelaginu, um leið og jeg lagði samþykki mitt á ferðaáætlunina, að ferðir þær 3 frá Reykjavík til Vestfjarða og aptur til Reykjavíkur, sem standi á ferðaáætluninni, megi ekki tálma því, að burtfarardagarnir frá Reykjavík verði samkvæmir ferðaáætluninni, sbr. athugas. 1. á ferðaáætluninni, og að jeg því verði að telja víst, að ferðunum til Vestfjarða verði sleppt eða þær minnkaðar þegar svo kynni að standa á, að sjá mætti fyrir, að þær mundu valda því, að síðar yrði farið frá Reykjavík, en áætlunin gjörir ráð fyrir.

Af hinni samþykktu ferðaáætlun sendast yður hjer með nokkur exemplör.

117 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurantinum um
8. nóv. afgreiðslu útflutningaskipa. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. septbr. þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað erindi frá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu, þar sem hann kærir yfir því, að gufuskipið Camoens hafi komið á Vopnafjörð seinast í júnímánuði, er leið, og flutt þaðan 160 vesturfara, án þess að sjer gæfist færi á að halda skoðunargjörð á skipinu, og án þess að hann hefði gefið leyfi til þess, að útfararnir væru teknir á skip, og með því að þjer álitíð, að slík aðferð komi beinlínis í bága við 7. gr. í útflutningalögum frá 14. janúar 1876, hafið þjer farið þess á leit, að jeg fyrirskipi rjettarrannsókn og málshöfðun gegn umboðsmanni hlutaðeigandi útflutningastjóra til sekta og skaðabóta.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, að jeg verð að skilja áður nefnda lagagrein svo, einsog hún líka að því er mjer er kunnugt hefur verið skilin að undanfögnu, að fyrirmæli hennar um, að ekki megi taka útfara á skip fyr en leyfi lögreglustjórnarinnar sje fengið til þess, eigi, þegar hlutaðeigandi útflutningaskip tekur útfara í sömu ferðinni á fleiri höfnum en einni, aðeins við um lögreglustjórnina á þeirri höfn, sem skipið fer síðast frá í þeirri ferð. Styðst þessi skilningur bæði við orð greinarinnar: »má eigi taka útfara á skip, fyr en lögreglustjórinn á þeim stað, er skipið leggur út frá, hefur gefið skriflegt leyfi til þess«, og við fyrirmæli hennar um, að áður en leyfið er veitt, skuli lögreglustjóri rannsaka, hvort skipið sje hentugt til að flytja útfara, og að í leyfinu skuli tiltaka, hvað marga útfara megi taka á skipið, því þegar sama skipið tekur útfara í sömu ferðinni á mörgum höfnum, væri tilgangslaust að skipa fyrir um, að á hverri höfn skuli rannsaka, hvort skipið sje hentugt til útflutninga, og tiltaka, hve marga útfara það geti tekið, hitt er nægilegt, að þetta sje gjört áður en skipið leggur á stað frá landinu. Með því nú að gufuskipið Camoens, eptir því sem mjer er skýrt frá, á áður umgetinni ferð sinni fór síðast frá Eskifirði, fæ jeg ekki sjed, að hlutaðeigandi útflutningastjóri hafi framið lagabrot með því að taka fyr í sömu ferðinni útfara á Vopnafirði, án þess að fá leyfi lögreglustjórans í Norður-Múlasýslu til þess, hafi hann aðeins fengið leyfi hjá lögreglustjóranum í Suður-Múlasýslu áður en skipið lagði á stað frá Eskifirði.